

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt á Ísafirði.

Fasteignaskatt á Ísafirði skal innheimta með 50% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. apríl 1967.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 61.

24. apríl 1967.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Selfljóts.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Selfljóts. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða sem land eiga að Selfljóti, Gilsá, Unalæk, Núpsá, Hurðarbaksá, Staðará, Gerðisá, Bjarglandsá og Jökulsá, en þær eru: Unaós, Hrafna-
björg, Þórsnes, Sandbrekka, Dalir, Kóreksstaðagerði, Kóreksstaðir, Sigtún, Jórvík, Jórvíkurhjáleiga, Svínafell, Hjaltastaður I, Hjaltastaður II, Grænahlið, Rauðholt, Árnastaðir, Hríótur, Hreimsstaðir, Nýbýlalönd V og VI, Hjartarstaðir I og II, Brenni-
staðir I og II, Gilsárteigur I og II, Ormsstaðir, Eiðar, Hleinargarður, Ketilsstaðir, Ártún, Hlégarður, Nýbýlaland III, Kvisthagi, Laufás, Bóndastaðir, Hrollaugstaðir, Engilækur, Klúka, Gagnstöð og Heyskálar.

3. gr.

Verkefni félagsins er að efla góða fiskgengd og arðsemi veiðihlunninda á félags-
svæðinu og ráðstafa veiði eins og hér segir:

1. Leigja stangaveiði.

2. Heimila félagsmönnum veiði í fastar veiðivélar eða stöng.

Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og getur látið stunda sameigin-
lega veiði á vissum stöðum ef svo ber undir.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og 2 meðstjórnendur. Skulu þeir
kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn.

Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur úr eftir 1 ár,
annar meðstjórnandi eftir 2 ár og hinn eftir 3 ár og helzt svo sama röð áfram.

Kjósa skal varaformann og 2 varamenn. Skulu þeir ganga úr stjórn eftir sömu
reglum og aðalmenn. Enn fremur skal kjósa 2 endurskoðendur til tveggja ára í
senn og skulu þeir ganga úr sitt árið hvor.